



Vettvangsrannsókn í Norðlingaskóla

Úrvinnsla gagna

Ragnheiður Líney Pálsdóttir



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Menntakvika 2012



Frekari lýsing á gagnaúrvinnslu

Farið var yfir gagnaöflun, upptökur og skráningar.

Efnið var unnið dýpra með því að kortleggja helstu svör í
Mindmangager

Þar er hægt að sjá helstu svör nemenda við tilteknum
spurningum sem voru lagaðar fram.





1. Notkun almennt. Hvernig finnst ykkur að nota spjaldtölvu?

c. Í samanburði við far- eða borðtölvur?

Hraðari en borðtölvurnar en vantar forrit inn eins og word og power point. Vantar líka hljóðskrár fyrir Ipad og þá verður að notast við tölvur.

Léttara að taka á milli

það þarf ekki að bíða að það kvikni á tölvunum í hálfu lotu. Maður getur bara kveikt á þeim strax

Það er stór galli með Ipad það er ekki Word í þeim ipadinn getur í rauninni gert allt það sama og venjulegar jafn vel eitthvað meira maður getur t.d. geymt alls konar bækur inni á þessu eins og ibooks, sem maður getur kannski ekki í venjulegum tölvum, þar er hægt að horfa á myndskaið í bókunum

þægilegt að geta haldið á þessu og þægilegt að nota puttann., verður ekki svona heitt,

ipaddinn miklu fljótari, hraðvirkari allt saman,

Það er ekkert powerpoint app,

þú þarft, þarft ekki að bíða lengi eftir tölvu sem virka ekki lengi að logga sig inn, netið hægt, gamlar tölvur,


þurftu allir tölvur maður fékk ekki tölvu eða fékk bilaða

svo bara tíminn búinn og þá gat maður ekki get neitt í tímanum. eyða tímanum í ekki neitt



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Menntakvika 2012





Spurt var um kosti þess að nota spjaldtölvur

Nemendur voru almennt mjög jákvæðir varðandi notkun á spjaldtölvum í viðtölunum.

Þeim fannst þetta spennandi og skemmtilegra að læra heima.

Nemendur töluðu um að þurfa ekki að rogast með þungar skólatöskur heldur væri námið og bækur allt á einum stað.





Spurt var um ókosti þess að nota spjaldtölvur

Nemendur létu byrjunarörðugleika ekki á sig fá sem dæmi að Dropboxið virkaði ekki strax sem og nokkur önnur samskiptaforrit.

Þegar þeir fengu spjaldtölvurnar máttu þeir ekki taka þær með sér heim. Þeir lentu því stundum í vandræðum með að skila áformum.

Nemendur sögðu að það væri mikill munur að mega taka spjaldtölvurnar heim og klára áformin þar.





Spurt var hvað nemendum fannst varðandi samanburð á far- eða borðtölvum?

Allir hóparnir voru sammála því að það væri mikið fljótlega að skrá sig inn á spjaldtölvurnar heldur en far- og borðtölvur og fannst þeim tíminn illa nýttur að þurfa að bíða eftir innskráningu í kannski 20 mínútur og tíminn búinn.





Spurt var um hvernig lærðu nemendur á spjaldtölvuna?
(sjálf, af hvort öðru, kennara, foreldra, systkini – hefur þú
kennt öðrum)

Dæmi um svar nemanda:

*„Það eru flestir unglingar í dag sem kunna mikið á tölvu,
venjulega tölvu eða netið og þannig að það er að gera mjög
þú veist gott ef við færum í eitthvað nýtt, þú veist þá lærum
við hraðar, t.d. eins og foreldrar mínir skilja þetta ekki jafnvel
eins og ég“.*





Spurt var um notkun nemenda og spjaldtölvunar í námi?

Þeir sögðust nota spjaldtölvuna í næstum því öllum fögum nema heimilisfræði.

Þeim fannst spjaldtölvun hafa breytt náminu þeirra til hins betra, þeim fannst auðveldara að stjórna sínu eigin námi þ.e.a.s. að fá að ráða hvar þau væru stödd í náminu, fannst gaman að vinna saman í hóp, geta hlustað á tónlist og hafa ekki alltaf kennarann hangandi yfir sér.





Spurt var um notkun spjaldtölva heima við

Nemendur notuðu spjaldtölvuna heima við til þess að stunda nám sitt, hafa samskipti við vini eða ættingja eða til þess að klára áformin.

Þeir töluðu um að þeir færu stundum í leiki þegar þeir væru búnir með áformin og sæktu sér öpp til þess að vinna frekar að áhugamálum sínum.





Spurt var um hvernig nemendum fyndist að lesa í spjaldtölvu, miðað við að lesa í bók?

Nemendum fannst almennt mjög þægilegt að lesa á spjaldtölvu og nefndu þeir sem kosti að hægt væri að stækka letrið og lita bakgrunninn ýmsum litum.

Þeim fannst gott að geta hlustað á bækur og í sumum bókum var hægt að búa til effekta t.d. að láta köngurló skriða niður skjáinn.

Nemendur notuðu helst ibooks og Kindle.



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Menntakvika 2012



Spurt var um hvaða forrit nemendur notuðu helst í námi

Nemendur sögðust geta sótt frítt efni inn á appstore og það væri aðallega það sem þeir notuðust við í námi.



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Menntakvika 2012



Spurt var um hvernig nemendur hefðu samskipti

Nemendur sögðust hafa samskipti eftir skóla á spjaldtölvu þar sem mörg samskiptaforritin voru ekki að virka í skólanum eins og spjallið á Facebook og Facetime.

Þeir sögðust nota þá helst tölvupóst eða Dropboxið eða tala við manneskjuna sjálfa „face to face“ eins og einn nemandinn orðaði það.





Samantekt

Viðhorf nemenda var almennt jákvætt til tækninnar og þeir virtust viljugir til þess að tala um reynslu sína og miðla til forsvarsmanna rannsóknarinnar.

Flestir nemendur voru að prófa spjaldtölvur í fyrsta skipti

